

Ed.

77. Frumvarp til laga

[58. mál]

um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Björn Fr. Björnsson,
Bjarni Guðbjörnsson, Tómas Árnason, Tómas Karlsson.

1. gr.

Veðdeild Búnaðabanka Íslands er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxta-
bréfa.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuld-
um bænda, sem ekki hafa fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem
þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—67, svo og lausaskuldum vegna véla- og
fóðurkaupa á sama tíma, að báðum árum meðtöldum, og enn fremur til lánveitinga
handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir
landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra fram-
kvæmda.

2. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í bújörðum bænda, ásamt
mannvirkjum, sem á jörðunum eru, vélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins.

Lánstími skal vera allt að 20 árum gegn veði í fasteign og allt að 10 árum gegn
veði í vélum.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráð-
herra, en þó séu vextirnir ekki hærri en 6½ á ári.

3. gr.

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á
fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins, en
matsverðið skal ákveðið af dómkvöddum mönnum á þann hátt, sem tíðkæzt hefur
vegna lántöku í veðdeild Búnaðarbankans.

4. gr.

Seðlabankinn kaupir bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv.
1. gr., fyrir nafnverð.

5. gr.

Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóv. 1941 tekur ekki til bankavaxtabréfa,
sem út eru gefin samkvæmt lögum þessum.

6. gr.

Að því leyti sem ekki brýtur í bága við ákvæði laga þessara, gilda ákvæði III.
kafla laga nr. 115 7. nóv. 1941 um lánveitingar samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna, svo og um
frekari skilyrði fyrir lánveitingum, ef þurfa þykir.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Nú hefur efnahagur bænda enn versnað til stórra muna og það að því marki, að „Harðærisnefnd“ kannar nú skuldamál landbúnaðarins eftir ósk Stéttarsambands bænda.

Flutningsmönnum er það ljóst, að þörf er meiri aðgerða í skuldamálum landbúnaðarins en þetta frv. fjallar um. M. a. telja þeir óhjákvæmilegt, að skuldaskil verði gerð í ýmsum tilvikum. — Að öðru leyti vísast til fyrri greinargerðar, svo hljóðandi:

„Fyrir rúmum 5 árum voru sett lög um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Dýrtíðin hefur aukizt allmikið á þessu tímabili og valdið talsverðum erfiðleikum í landbúnaði eins og víðar.

Þá hafa breytingar þær, sem áttu sér stað á lánstíma og vaxtakjörum, orðið þungur baggi á landbúnaði, þar sem vextir af föstum lánum hækkuðu árið 1960 um 60—70%, og þar við bætist 1% búvörugjald á framleiðsluvörur bænda.

Árferði hin síðari ár hefur líka haft sitt að segja, þar sem grasbrestur hefur verið í heilum landshlutum, einstaka sveitum og nokkrum jörðum hér og þar á landinu. Það þarf því enginn að undrast, þótt tekjur bænda séu mjög lágar, þar sem bæði dýrtíð og harðæri hefur á þá herjað.

Eins og fram kom á stéttarsambandsfundi bænda s. l. sumar og skýrt er frá í 19. tölublaði Freys, hafa lausaskuldir bænda aukizt mjög í seinni tíð, en þar segir um skuldir bænda m. a.:

„Á framhaldsaðalfundinum í vetur var stjórn Stéttarsambandsins falið að afla upplýsinga um skuldir bænda. Stjórnin leitaði eftir samvinnu við Hagstofu Íslands um öflun þessara gagna, og leyfði hagstofustjóri notkun á landbúnaðarúrtaki Hagstofunnar til þess. Skuldir voru skrifaðar upp hjá bændum sem hér segir:

	117 bændum	Meðaltalsskuldir 339 þúsund
Úr Suðurlandskjördæmi	117 bændum	339 þúsund
— Vesturlandskjördæmi	82 —	251 —
— Vestfjarðakjördæmi	39 —	178 —
— Norðurlandi vestra	99 —	255 —
— Norðurlandi eystra	72 —	243 —
— Austurlandi	58 —	247 —
Alls 467 bændum		266 þúsund

Flokkun á skuldum með 100 þúsund króna bili:

Minna en 100 þúsund	116/467 eru	24.83%
frá 100—200 —	103/467 —	22.05%
— 200—300 —	93/467 —	19.70%
— 300—400 —	62/467 —	13.27%
— 400—500 —	28/467 —	5.99%
— 500—600 —	23/467 —	4.92%
— 600—700 —	14/467 —	2.99%
— 700—800 —	8/467 —	1.71%
— 800—900 —	9/467 —	1.92%
— 900—1000 —	5/467 —	1.07%
— 1000—1100 —	1/467 —	0.21%
— 1100—1200 —	4/467 —	0.86%
— 1200—1300 —	1/467 —	0.21%
— 1300—1400 —	1/467 —	0.21%
		99.94%

Skipting skuldanna í þúsundum:

		Stofn-		Ótilg. sk.		Alls
		lánad.	Veðd.	Búnaðarb.	Aðrar sk.	
Vesturl.	82	7 193	1 011	5 044	7 373	20 621
Vestf.	39	2 565	182	1 598	2 617	6 962
N. vestra	99	6 566	606	8 840	9 261	25 273
N. eystra	72	5 523	976	4 338	6 706	17 543
Austurl.	58	6 028	690	3 157	4 447	14 322
Suðurl.	117	15 610	1 268	8 109	14 709	39 696
		43 485	4 733	31 086	45 113	124 417
		34.95%	3.80%	24.98%	36.25%	

Ekki eru hér með talin ógreidd árgjöld við Búnaðarbanka Íslands, en það eru 10% árgjalda 1966.“

Samkvæmt þessu úrtaki skulda 85% bænda undir 500 000 kr., 13% 500 000 og upp í 1 000 000 kr. og tæp 2% yfir 1 millj. kr.

Það, sem vekur mesta eftirtekt, er, að aðeins tæp 39% eru í lánum í stofnlána-deild og veðdeild. Rúmlega 60% af skuldum bænda eru lausaskuldir í verzlunum, bönkum og manna á milli. Það hefur líka sýnt sig, að frá því í árslok 1961 hafa skuldir vaxið allmikið. Í árslok 1961 eru lausaskuldir aðeins 35% af heildarskuldum bænda. Nú hefur þetta alveg snúizt við, þar sem lausaskuldir eru miklu meiri en nokkurn tíma áður, auk þess sem meðalskuld á bónda hefur þrefaldast síðan 1960.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir lágu á s. l. sumri, voru heildarskuldir bænda nálægt hálfum öðrum milljarð króna, þar fyrir utan eru skuldir fyrirtækja bænda. Margt er það, sem veldur lausaskuldaaukningunni hin síðari ár:

1. Framkvæmdir allar og vélvæðing krefjast mikils fjármagns, enda hefur dýrtíðin farið ört vaxandi hin síðari ár.
2. Stofnlán landbúnaðarins hafa ekki hækkað í hlutfalli við stofnkostnað.
3. Lánstími stofnlána er allt of stuttur, enda styttri nú en áður, nema á lánum til íbúðarhúsabyggina. Lán eru nú til 15 ára út á járnvarðar timburbyggingar, t. d. hlöður, fjárhús og fjós, en til 20 ára út á steypar byggingar og ræktun, en aðeins til 5 ára út á aflvélar.
4. Vaxtakjör Stofnlánadeildar landbúnaðarins eru miklu lakari nú en áður, eða 6% til íbúðarhúsálána, en voru áður 3½, til allra annarra lána deildarinnar eru 6½ vextir, en voru áður 4%. Vaxtahækkun síðan 1960 er 60—70%.
5. Lagður er nú sérskattur á bændur, og rýrir það til muna tekjur þeirra, en tryggir þeim ekki lán sem skyldi, eins og þeim var heitið, er skatturinn var á þá lagður.
6. Ungt fólk eða byrjendur í búskap fá hvergi lán til bústofns- eða vélakaupa.
7. Þótt óðaverðbólga hafi ríkt síðan 1959, hafa rekstrarlán landbúnaðarins ekki hækkað.
8. Veðdeild Búnaðarbankans hefur allt of lítið fjármagn til umráða og vextir hennar ekki hagstæðir, þar sem þeir eru 8%.
9. Verðlag búvara er allt of lágt, og þar með komið úr samhengi við annað verðlag í landinu og þarfir landbúnaðarins.
10. Ræktaða landið er of lítið til þess að veita nægjanlegan heyrforða fyrir það búfésem fyrir er í landinu.
11. Grasbrestur veldur því, að fóðurbætisnotkun hefur talsvert aukizt.

Vafalaust eru ýmsar aðrar orsakir samfara framantöldum atriðum þess valdandi, að margir bændur eiga í fjárhagserfiðleikum.

Frv. þetta er í meginatriðum eins og lög frá 23. marz 1962, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán. Eftirtalin atriði eru þó í frv. þessu umfram það, sem var í lögum frá 1962:

1. að lögín nái einnig til lausaskulda hjá fyrirtækjum bænda og taki yfir tíma-bilið 1960—1967;
2. að vextir verði ekki hærri en $6\frac{1}{2}\%$;
3. að einnig verði tekið veð í vélum bænda og vinnslustöðvum landbúnaðarins;
4. að heildarlán megi vera 80% af matsverði því, sem dómkvaddir menn meta hlutaðeigandi eignir lántakenda;
5. að Seðlabankinn kaupi bankavaxtabréfin á nafnverði.“